



FL Group skilar 6.644 milljóna króna hagnaði fyrir skatta á fyrsta ársfjórðungi 2006

- Afkoma af fjárfestingastarfsemi 9.973 milljónir króna fyrir skatt -

Hagnaður FL Group samstæðunnar fyrir skatta á fyrsta ársfjórðungi 2006 var 6.644 milljónir króna samanborið við 28 milljóna króna hagnað árið áður. Að teknu tilliti til skatta var hagnaður tímabilsins 5.839 milljónir króna, samanborið við 25 milljónir króna árið áður. Arðsemi eiginfjár á tímabilinu nam 33,8%. Afkoma af fjárfestingastarfsemi nam 9.973 milljónum króna fyrir skatta, en á sama tímabili nam árstíðarbundið tap rekstrarfélaga að frádregnum samrunakostnaði hjá Sterling 2.530 milljónum króna. Að meðtöldum samrunakostnaði var tapið 3.329 milljónum króna.

Þessar niðurstöður undirstrika áherslur í fjárfestingarstarfsemi FL Group, einkum í framtaks- og umbreytingarverkefnum sem og stöðutöku í verðbréfum.

HELSTU ATRIÐI ÁRSFJÓRÐUNGSINS

- FL Group lýkur kaupum á danska lágfargjaldafélaginu Sterling
 - Gengið frá samningum um sölu Ferðaskrifstofu Íslands og Bílaleigu Flugleiða
 - Stefnt að því að skrá Icelandair Group í Kauphöll Íslands
- - -
- Hagnaður samstæðunnar fyrir skatta nam 6,6 milljörðum króna
 - Heildareignir í lok ársfjórðungsins voru 188,1 milljarðar króna, aukast um 55,5 milljarða króna frá ársbyrjun
 - Gjalddeyrisjöfnuður félagsins var jákvæður í erlendum myntum um 93 milljarða króna í lok ársfjórðungsins sem skilaði félaginu verulegum gengishagnaði
 - Eigið fé í lok ársfjórðungsins var 77,4 milljarðar króna og arðsemi eigin fjár á ársgrundvelli var 33,8%
 - Eiginfjárlutfall í lok ársfjórðungsins var 45% að teknu tilliti til fjármögnunar á fyrirframgreiðslum vegna kaupa á 15 Boeing 737 800 flugvélum
- - -
- EBITDA Icelandair Group batnaði um 644 milljónir króna borið saman við óendurskoðaðar pro forma tölur síðasta árs og var -265 milljónir króna. Tapið má rekja til árstíðabundinnar sveiflu
 - Afkoma Icelandair fyrir skatta batnaði um 368 milljónir króna milli ára og var -677 milljónir króna
- - -
- EBITDA Sterling var yfir væntingum stjórnenda eða -1,6 milljarðar króna án samrunakostnaðar, sem einnig má rekja má til árstíðabundinnar sveiflu. Að teknu tilliti til samrunakostnaðar nam EBITDA -2,4 milljörðum króna
 - Afkoma Sterling fyrir skatta var yfir væntingum stjórnenda eða -1.8 milljarðar króna. Að teknu tilliti til samrunakostnaðar nam afkoma félagsins -2,6 milljörðum króna

NÝLEGIR ATBURÐIR

- Eign FL Group í markaðsverðbréfum 17. maí nam 120,5 milljörðum króna
- Gengið frá sölu á eignarhlut í easyJet
- Gengið frá kaupum á 49% hlut í Refresco
- Skrifstofur opnaðar í Kaupmannahöfn og London
- Innlestur hagnaður af ýmsum fjárfestingum, til dæmis Marks & Spencer

Hannes Smárason, forstjóri FL Group

“Afkoma FL Group á fyrsta ársfjórðungi er afar góð. Ég er ánægður með að sjá fjárfestingastarfsemina skila 10 milljarða króna hagnaði þrátt fyrir óróleika á innlendum fjármálamörkuðum. Þá er afkoma Icelandair Group sérstaklega góð og tap félagsins sem er tilkominn vegna árstíðabundinnar sveiflu er mun minna en á sama tíma í fyrra. Umbreyting Sterling gengur framur vonum og við erum ánægðir að sjá gang mála, sérstaklega þegar tekið er tillit til hinnar gríðarlegu árstíðarsveiflu í rekstri félagsins.”

LYKILTÖLUR ÚR REKSTRI

milljónir ISK	Flugrekstur og ferðaþjónusta							
	Fjárfestingastarfsemi		Ísland		Danmörk		Samstæða	
	Q1 06	Q1 05	Q1 06	Q1 05	Q1 06	Q1 05	Q1 06	Q1 05
Rekstrarreikningur								
Fjárfestingatekjur	10.458	1.753	381	-159	-77	0	10.449	1.594
Rekstrartekjur	0	0	9.846	7.816	7.719	0	17.566	7.816
Rekstrargjöld án afskrifta	-485	-37	-10.119	-8.803	-10.133	0	-20.738	-8.840
Afskriftir	0	0	-850	-542	-96	0	-633	-542
Hagnaður fyrir tekjuskatt	9.973	1.716	-742	-1.688	-2.587	0	6.644	28
Tekjuskattur	-1.684	-314	133	311	746	0	-805	-3
Hagnaður tímabilsins	8.289	1.402	-609	-1.377	-1.841	0	5.839	25
EBITDA	-485	-37	-273	-987	-2.414	0	-3.172	-1.024
EBIT	-485	-37	-1.123	-1.529	-2.510	0	-3.805	-1.566
							31 / 03	31 / 12
Efnahagsreikningur								
Eignir samtals							188.098	132.618
Skuldir samtals							77.383	74.443
Eigið fé samtals							110.715	58.175

FJÁRFESTINGASTARFSEMI

Hagnaður af fjárfestingastarfsemi FL Group nam 10 milljörðum króna fyrir skatta á ársfjórðungnum. Hagnaður eftir skatta var 8,3 milljarðar króna.

FL Group jók hlutabréfaeign sína frá áramótum með það að markmiði að auka vægi erlendra fjárfestinga í hlutabréfasafninu. Í lok mars var hlutabréfaeign félagsins 153,6 milljarðar króna en þar af voru um 67,8 milljarðar króna í erlendum hlutabréfum. Af safninu voru um 69,9 milljarðar króna í framvirkum samningum.

Stærstu einstöku fjárfestingarnar í lok ársfjórðungsins voru í Glitni að fjárhæð 41,5 milljarðar króna, Kaupþing banka að fjárhæð 34,3 milljarðar króna og easyJet (var selt í apríl) að fjárhæð 29,2 milljarðar króna.

Í lok ársfjórðungsins var gjaldeyrisjöfnuður félagsins var jákvæður í erlendum myntum um 93 milljarða króna sem skilaði félaginu verulegum gengishagnaði.

Á tímabilinu voru Ferðaskrifstofa Íslands og Bilaleiga Flugleiða seld. Áætlaður söluhagnaður vegna sölu félaganna er ríflega 1,5 milljarður króna.

	31 / 03 / 2006		17 / 05 / 2006	
Innlent	Markaðsvirði	Eignarhlutur	Markaðsvirði	Eignarhlutur
Glitnir banki	41.520	16,2%	49.203	19,9%
Kaupþing banki	34.281	6,4%	30.394	5,8%
Annað	7.868	-	3.721	-
	83.669	55%	83.319	69%
Erlent	Markaðsvirði	%	Markaðsvirði	%
easyJet	29.220	17,0%	-	-
Bang & Olufsen	10.932	10,7%	10.933	10,7%
Finnair	9.694	10,0%	8.776	10,0%
Royal Unibrew	8.212	17,9%	7.862	17,9%
Aktiv Kapital	6.144	10,3%	6.099	10,3%
Annað	3.552	-	3.492	-
	67.754	45%	37.162	31%
Alls	151.423		120.481	

Glitnir er íslensk-norsk bankasamtæða með starfsemi í fimm löndum. Bankinn er alhliða fjármálfyrirtæki sem veitir viðtæka þjónustu á sviði fjárfestingabankastarfsemi, lánveitinga og almennra bankaviðskipta. Félagið er skráð í Kauphöll Íslands.

Kaupþing banki er norrænn banki sem veitir alhliða viðskipta- og fjárfestingarbankaþjónustu til einstaklinga, fyrirtækja og fagfjárfesta. Bankinn er leiðandi aðili á flestum sviðum íslensks fjármálamarkaðar og stefnir að því að vera í hópi leiðandi fjárfestingarbanka í Norður-Evrópu. Félagið er skráð í Kauphöll Íslands.

Aktiv Kapital er fjármálfyrirtæki sem sérhæfir sig í innheimtu á viðskiptakröfum. Starfsemi félagsins skiptist í þrennt, kaup á lánasófnum sem komin eru í vanskil, innheimta viðskiptakrafna og umsýsla reikninga. Félagið er skráð í kauphöllinni í Osló.

easyJet er annað stærsta lágfargjaldflugfélag í Evrópu. Félagið er með starfsemi viðsvegar í Evrópu og flýgur um 258 leiðir milli rúmlega 70 flugvalla í Evrópu. Félagið er skráð í kauphöllina í London.

Finnair er eitt elsta starfandi flugfélag heims. Félagið er markaðsráðandi í flugi til og frá Finnlandi, flýgur til um 50 áfangastaða viðsvegar um heim, þar á meðal lykiláfangastaða í Asíu. Félagið er skráð í kauphöllinni í Helsinki.

Bang & Olufsen samstæðan þróar, framleiðir og selur hljóm- og myndflutningslausnir undir hinu þekktu vörumerki félagsins. Félagið hefur lengi verið í fremstu röð hvað varðar hönnun og gæði. Félagið er skráð í kauphöllinni í Kaupmannahöfn.

Royal Unibrew er annar stærsti drykkjarvöruframleiðandi í Skandinavíu. Samstæðan samanstendur af fjórum dönskum, tveimur líthænskum, tveimur pólskum og tveimur lettneskum drykkjarvöruframleiðendum. Félagið selur áfengar og óáfengar drykkjarvörur á mörkuðum í Evrópu, Afríku og Ameríku. Félagið er skráð í kauphöllina í Danmörku.

ICELANDAIR GROUP

Icelandair Group starfar á alþjóðlegum flugmarkaði með áætlunarflug, frakt og leiguflug ásamt því að starfa við ferðaþjónustu og flugvélaviðskipti. Velta samstæðunnar nam 9,6 milljörðum króna samanborið við 7,7 milljarða króna árið 2005 (óendurskoðaðar pro forma tölur). EBITDA batnaði um 644 milljónir króna milli ára og var -265 milljónir króna. EBIT batnaði um 368 milljónir króna og var -1,1 milljarður króna.

Niðurstaða rekstrar er betri en væntingar stóðu til um en eru þó neikvæð vegna árstiðasveiflu í starfseminni.

Áætlunarflug Icelandair er þungamiðjan í rekstri Icelandair Group samstæðunnar og rekstur félagsins gekk vel á ársfjórðungnum. Fjöldi farþega jókst um 10% samanborið við sama tíma í fyrra og sætanýting var rúmlega 66% sem er svo til óbreytt frá sama tíma í fyrra.

Rekstrarhorfur Icelandair Group eru jákvæðar og væntingar eru með áframhaldandi rekstrarbata hjá félaginu. Bókanir hjá Icelandair eru mjög góðar fyrir komandi sumar. Icelandair hefur ekki aukið sætaframboð frá síðasta sumri en þess í stað einbeitt sér að auka arðsemi núverandi leiðarkerfis. Íslenski markaðurinn er enn sterkur og erlendi markaðurinn er einnig að styrkjast vegna veikingu krónunnar og markaðsstarfs erlendis. Rekstrarhorfur fyrir önnur félög Icelandair Group eru einnig jákvæðar.

STERLING

Velta Sterling á fyrstu þremur mánuðum ársins nam 7,7 milljörðum króna. EBITDA og EBIT afkoma félagsins voru betri en væntingar stjórnenda félagsins. EBITDA var -2,4 milljarðar króna og EBIT var -2,5 milljarðar króna. Innifalið í rekstri Sterling á fyrsta ársfjórðungi eru um 830 milljóna króna samrunakostnaður sem féll til vegna samrunans við Maersk Air sem átti sér stað síðastliðið haust.

Án samrunakostnaðar er EBITDA fyrir tímabilið neikvæð um 1,6 milljarð króna.

Helstu ástæður fyrir því að rekstur hefur verið betri en áætlað var eru:

- Fjöldi farþega 2% meiri en áætlun
- Sætanýting 6% hærri en áætlun
- Meðalverð á sæti 14% hærra en áætlun
- Tekjur af farþegatengdum gjöldum mun hærri en áætlun

Markaðurinn til og frá Norðurlöndunum er ört stækkandi og þrátt fyrir bakslag vegna hins svokallaða skopmyndamáls, fuglaflensu og hryðjuverka í Egyptalandi fer eftirspurn vaxandi. Sumarsalan fer vel af stað og eru bjartar horfur varðandi tekjur og sætanýtingu.

Samruni Sterling og Maersk Air sem tók gildi þann 13. september 2005 hefur að mestu gengið í takt við væntingar stjórnenda Sterling. Við upphaf samrunans var áætlað að samrunaferlið myndi taka 12-18 mánuði. Hinsvegar hefur þegar tekist að ljúka flestum veigamestu þáttum í samþættingu rekstrar en félögin komu úr gríðarlega ólíku umhverfi hvað varðar alla innri þætti.

HORFUR

Innlendur hlutabréfamarkaður hefur lækkað frá lokum fyrsta ársfjórðungs og því hefur innlend hlutabréfaeign félagsins lækkað. Á móti hefur gengi íslensku krónunnar lækkað og hefur því jákvæð eignastaða í gjaldeyrisjöfnuði félagsins skilað félaginu hagnaði sem vegur á móti lækkun innlends hlutabréfamarkaðar. Þá er áfram er unnið að því að skrá Icelandair Group á vormánuðum og ljóst er að með því mun FL Group innleysa verulegan gengishagnað.

Horfur fyrir árið eru því bjartar.

Kynningarfundur verður haldinn fyrir markaðsaðila í Iðuhúsinu við Lækjargötu á þriðju hæð, föstudaginn 19 maí klukkan 8:30. Hannes Smárason, forstjóri FL Group, mun kynna afkomu félagsins og svara spurningum. FL Group mun varpa fundinum beint á internetinu. Hægt verður að nálgast vefvarpið á heimasíðu félagsins, www.flgroup.is, fyrir fundinn. Þar verða einnig upplýsingar fyrir þá sem vilja hlusta á fundinn í gegnum síma.

STÆRSTU HLUTHAFAR 17. MAÍ *

Hluthafi	%
Eignarhaldsfélagið Oddaflug ehf.	23,63%
Baugur Group	18,31%
Icon ehf.	7,30%
Materia Invest ehf	6,59%
Landsbanki Íslands hf.	5,83%
Arion safnreikningur	5,44%
Fons Eignarhaldsfélag hf.	4,82%
Gildi -lífeyrissjóður	2,54%
Straumur - Burðarás Fjárfesting	2,19%
FL Group hf.	1,74%
Saxbygg ehf	1,29%
Lífeyrissjóður verslunarmanna	1,21%
Lífeyrissjóðir Bankastræti 7	1,11%
Sjóvá-Almennar tryggingar hf	0,73%
Kaupþing banki hf	0,68%

* Hluthafalistinn er leiðréttur fyrir framvirkum samningum stærstu hluthafanna í samræmi við tilkynningar til Kauphallar Íslands. Af hlut Landsbankans eru 4,76% til varnar afleiðusamningi with Baugur Group.

UM FL GROUP

FL Group er fjárfestingarfélag sem sérhæfir sig annars vegar í áhrifafjárfestingum og umbreytingarverkefnum og hins vegar í eignastýringu, þar sem lögð er áhersla á virka þátttöku á verðbréfamörkuðum. Félagið horfir einkum til Norður-Evrópu í fjárfestingum sínum en hefur þó almennt breiða sýn. Í lok fyrsta ársfjórðungs 2006 voru heildareignir félagsins 188.3 milljarðar króna og eiginfjárhlutfall 45% að teknu tilliti til fjármögnunar á fyrirframgreiðslum vegna kaupa á 15 Boeing 737 800 flugvélum.

FL Group er skráð í Kauphöll Íslands (ICEX: FL).

Frá byrjun árs 2006 hefur FL Group meðal annars fjárfest í Bang & Olufsen (10,5%), Royal Unibrew (17%), Aktiv Kapital (10%), Finnair (10%) og Glitni (20%).

Stærstu hluthafar FL Group eru: Eignarhaldsfélagið Oddaflug ehf. (23,6%), í eigu Hannesar Smárasonar, forstjóra; Baugur Group (18,3%); Icon (7,3%) og Materia Invest (6,6%). Í sumum tilfellum eru hlutirnir skráðir á nafn íslenskra fjármálafyrirtækja vegna framvirkra samninga.

Nánari upplýsingar veita:

Hannes Smárason, forstjóri FL Group

Sveinbjörn Indriðason, fjármálastjóri FL Group

Sími: 591 4400